



Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi hækkun fjárheimilda síðustu ára.

Á 167. fundi skóla- og frístundaráðs, 27. ágúst 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum um það hversu miklu fjármagni síðustu 5 ár (síðasta kjörtímabil + þetta fyrsta ár af þessu) hafi verið veitt til skóla- og frístundasviðs. Óskað er eftir því að fá þetta skilgreint niður á ár. Hafa þessar hækkanir náð að brúa þær hækkanir sem hafa orðið á vísitölum og verðbólgu?

Svar:

Fjármagn til skóla- og frístundasviðs síðustu ár hefur verið skv. neðangreindri töflu. Fjárhæð framlags er samkvæmt B-áætlun hvers árs, þ.e. upphafleg áætlun með þeim viðbótum sem gerðar voru á hverju ári. Viðbætur geta verið breytingar á kjarasamningum, aukin verkefni eða breytingar á umfangi verkefna. Framlag ársins 2020 miðast B-áætlun, þ.e. viðaukar vegna nýrra kjarasamninga eru komnir inn í áætlunartölur, en þær tölur munu breytast þegar gengið hefur verið frá samningum grunnskólakennara og tónlistarkennara. Vísitölhækkanir miðast við meðaltal hvers árs fyrir utan breytingu milli 2020 og 2019 þá er miðað við breytingu frá meðaltali 2019 til miðs árs 2020 þar sem meðaltal ársins liggur ekki fyrir.

Hér að neðan eru fjárheimildir til skóla- og frístundasviðs á síðustu árum, fjárhæðir í m.kr.

	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Árlegt framlag til SFS - B áætlun hvers árs.	39.921	42.371	46.358	49.628	52.459	56.154
Þar af áætlað í efnis og þjónustukaup starfsstaða SFS	3.566	3.707	3.905	4.662	4.772	4.664
Hækkun fjárheimilda milli ára		6,1%	9,4%	7,1%	5,7%	7,0%
Vísitala neysluverðs	1,6%	1,7%	1,8%	2,7%	3,0%	2,9%
Vísitala neysluverðs, án húsnæðis	0,1%	-0,1%	-2,2%	0,9%	2,6%	3,1%
Launavísitala	7,2%	11,4%	6,8%	6,5%	4,9%	6,9%
Launavísitala - starfsmenn sveitarfélaga	9,4%	11,6%	7,8%	5,2%	4,1%	7,7%

Árið 2020 er meðaltali 2019 til miðs árs 2020

Almennt er horft til vísitölu neysluverðs þegar lagt er mat á verðbólgu, en útgjöld skóla- og frístundasviðs eru að stórum hluta laun og því eðlilegt að horfa einnig til þróunar á launavísitölu og þá bæði almenna launavísitölu og launavísitölu starfsmanna sveitarfélaga. Auk beinna launa sem skóla- og frístundasvið greiðir er hluti útgjalda sem taka breytingum í takt við

launabreytingar s.s. greiðslur til sjálfstætt starfandi leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla og uppgjör við önnur sveitarfélög.

Á því tímabili sem er skoðað eru einnig breytingar í rekstri sem hafa fengið auknar fjárheimildir fyrir utan hækkun fjárheimilda vegna kjarasamninga. Skólahúsnæði hefur verið tekið í notkun sem hækkar innri leigu umfram verðlag, t.d. Dalskóli, Klettaskóli og Vesturbæjarskóli auk annarra breytinga á húsnæði sem hafa áhrif á innri leigu. Á tímabilinu hefur verið aukning á starfi sem aukið fjármagn hefur verið sett í ekki síst í tengslum við samþykktar aðgerðir til að bæta vinnuumhverfi starfsfólks og barna, t.d. breyting á mönnun leikskóla (barngildi), yngri börn í leikskóla, aukið faglegt starf, sumaropnun og sumarstörf. Hjá grunnskólum hefur verið aukið fjármagn t.d. vegna eflingar á faglegu starfi, breytinga á úthlutun til grunnskóla, farteyma, íslensku sem annars máls og skólaaksturs. Í frístundastarfi hefur verið aukið fjármagn við innleiðingu á frístundastefnu, vegna aukningar í starfi 10-12 ára og fjölgunar á fagmenntuðu starfsfólki. Á sama tíma og það hefur verið aukið fjármagn til skóla- og frístundasviðs til fjölmargra liða, breytingar hafa verið á umfangi og á síðustu árum hafa einnig verið gerðar kröfur um hagræðingu.

Svar við því hvort hækkun fjárheimilda hafi brúað þær hækkanir sem hafa orðið á vísitölu og verðbólgu er því ekki svarað aðeins með því að bera saman við þróun vísitölu neysluverðs. Það eru fjölmörg önnur atriði eins og kemur hér fram að ofan sem horfa þarf til önnur en bein þróun verðlags.